

# Fréttabréf Garðasels

September 2020



## Aðlögun nýrra barna – nemendahópurinn í Garðaseli

Aðlögun nýrra barna er lokið. Í ágúst innrituðust 13 ný börn á Lónið, 3 börn á Holtið og eitt kom inn á Vík. Aðlögun yngri barnanna gekk mjög vel en breyta þurfti fyrirkomulagi aðlögunar vegna COVID – fleiri dagar en hver dagur styttri.

Við bjóðum alla velkomna til leiks og starfa á nýju skólaári.

## 29 ára afmæli leikskólans

**Þriðjudaginn 1. september** fagnar Garðasel 29 ára starfsafmæli sínu og í tilefni þessa dags gerum við okkur dagamun. Það er búningadagur, vinastund á Skála, pizzuveisla í hádeginu og að sjálfsgöðu afmælistaka.



## Nemendahópurinn í Garðaseli skólaárið 2020-2021 telur 74 börn

19 börn á Lóni ( 2018-2019)	23 börn á Holti (2017)	12 börn á Vík 2 (2016 )	20 börn á Vík 1 ( 2015)
Ásta deildarstjóri Guðríður leikskólakennari Krissa leikskólakennari Guðbjörg G leiðbeinandi Alexandra aðst. leikskólak. María Björg leiðbeinandi Erna leikskólaliði Bertha María leiðbeinandi	Hafrún deildarstjóri Guðbjörg leikskólakennari Sonja leikskólakennari Karen leikskólaliði Lilja Rún háskólam. sálfræði Ragnheiður sérkennari Sólveig leiðbeinandi	Heiða deildarstjóri 20 % Rúna leikskólakennari Sóley þroskaþjálfari  Breki Berg leysir af frídaga í báðum hópum Víkur	Íris Björg deildarstjóri 90 % Anna Guðbjörg kennari Valgerður leiðbeinandi  Addú leysir af undirbúning að hluta
Afleysing Kamilla Rún 8.00-16.00	Eldhús Lilja matráður Sigrún aðst.matráður	Stjórnun Ingunn R skólastjóri Ingunn Sv aðst.skólastjóri og sérkennslustjóri	Annað Í skólanum koma inn í vinnuþrófun starfsmenn frá Virki og HVER

## Breytingar í starfsmannahaldi

Fjórir nýjir starfsmenn hafa komið til starfa í Garðaseli en það eru

- Anna Guðbjörg Lárusdóttir, íþróttakennari
- Sóley Guðmundsdóttir, þroskaþjálfari
- Alexandra Berg, aðst.leikskólakennari
- Kamilla Rún Ingudóttir, leiðbeinandi, sem verður afleysing til að byrja með

## Heilsuskokkið

**Fimmtudaginn 10. september 9.30** er fyrra heilsuskokk skólaársins og þá verður farið á Jaðarsbakkasvæðið / Akraneshöllina og sprett úr spori eins og hver getur og gerðar fjölbreyttar æfingar á stöðvum. Þennan dag er gott að hafa íþróttaskó / góða skó með sér í leikskólann. Í lok skokksins fá allir viðurkenningu með sér heim





### Tannvernd og umferðardagar í september

Dagana **13. – 15. september** eru tannverndardagar þar sem lögð er áhersla á heilbrigðar tennur, umhirðu þeirra og hvernig hægt er að verja þær sem best. Heimsóknir á tannlæknastofu til frekari fræðslu hefur verið í boði fyrir 2016- árganginn í samráði við læknastofurnar ef sóttvarnareglur heimila slíka heimsókn

Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í þessu verkefni með börnum sínum 😊



### Skipulagsdagur

**Mánudaginn 21. september er skipulagsdagur og skólinn er lokaður þennan dag.**

Á skipulagsdeginum munu deildir skipuleggja starf sitt og síðan verður sameiginlegur vinnufundur allra starfsmanna skólans þar sem unnið verður með áherslur í skólastarfi og hvernig þær birtast á deildum.

Aðrir dagskrárliðir þessa dags eru enn í mótun.

### Foreldrafélag og foreldraráð 2020 -2021

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um meiri háttar breytingar á skólastarfi, skóladagatali og ýmsa þætti aðra er varða starfsemi leikskólans. Fundað er að jafnaði tvisvar á ári ásamt öðrum samskiptum í tölvupóstum og sér Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri um það samstarf.

Foreldraráð 2020-2021	Foreldrafélag 2020-2021
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hafdís Guðmundardóttir</li> <li>• Sunna Dís Jensdóttir</li> <li>• Svala Ýr Smáradóttir</li> <li>• Hjördís Garðarsdóttir</li> <li>• Ragnheiður Ásta Brynjólfssdóttir / fulltrúi í skóla- og frístundaráði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Steinar Helgason</li> <li>• Gyða Bergþórsdóttir</li> <li>• Karl Haagesen</li> <li>• Sara Karlsdóttir</li> <li>• Sigurást Harpa Sigurðardóttir</li> </ul>

Foreldrafélag kemur að ýmsum viðburðum í skólastarfi, s.s. leiksyningu, grillhátíð og Sumarkaffi en ræða þarf áframhaldandi tilurð Sumarkaffis í foreldrafélaginu og hvort gera megi eitthvað annað í staðinn.

Ingunn Sveinsdóttir aðst. skólastjóri fundar og starfar með foreldrafélaginu. Reynt er að nota tölvupósta eins og hægt er og funda síðan þegar þess þarf. Fundir eru tvisvar til þrisvar á skólaárinu.

### Áfram COVID

Starfsemi leikskólans er háð sóttvarnareglum og viðmiðum frá þar til bærum aðilum, s.s. sóttvarnarlækni og Landlækni. Starfsmenn skólans sóttthreinsa snertifleti eins og hægt er og enn er verið að taka á móti börnum við útihurð deilda. Þessar starfsreglur munu gilda til 10.september en þá er von á nýjum leiðbeiningum.

Mikilvægasta forvörnin er sú að allir sem koma að skólanum átti sig á eigin mikilvægi þegar kemur að sóttvörnum. Handþvottur og sprittun eru lykilþættir en líka að fara varlega og vera meðvitaður um að smit geta leynst víða. Við erum öll ábyrg fyrir því að starfsemi skólans geti haldið áfram óbreytt en lítið þarf til að breyta því. Stöndum saman 😊

